

Æskulýðsstarf Andvara 2005







Efnisyfirlit:

Æskulýðsnefnd Andvara 2005.....	4
Bloggsíða æskulýðsnefndar.....	5
Viðurkenning frá ÍSÍ og Ólympíusambandinu	5
Íþróttapening í Garðabæ 11. maí 2005	6
Námskeið 2005	6
Pollanámskeið	7
Knapamerki	7
Keppnisnámskeið	7
Sala á félagsgöllum.....	8
Kaffihlaðborð til styrktar æskulýðsnefndar	8
Pizzakvöld 10. febrúar	8
Búningapartý 17. febrúar	8
Fjölskyldureiðtúr í Gust 19. febrúar.....	9
Skemmtikvöld 19. febrúar	10
Árshátíð unglunga 26. febrúar	10
Árshátíð barna 4. mars.....	11
Æskan og hesturinn 12 -13 mars.....	11
Afhending knapamerkja 13. apríl.....	12
Æfingamót 15. apríl.....	12
Spilakvöld 20. apríl	12
Áburðardagur-Umhverfisdagur 26. apríl	13
Stórsýning Fáks 29. og 30. apríl	13
Æskulýðsdagur Andvara 1. maí.....	13
Myndir frá Æskulýðsdeginum	14
Sameiginlegur reiðtúr í Gjármót 29. maí.....	16
Utanlandsferð unglunga 20. – 26. júní.....	17
Myndir af Danmerkurförum okkar	18
Fjölskyldudagur Garðabæjar og Andvara 16. júlí	19
Myndir frá Fjölskyldudegi.....	20



Æskulýðsnefnd Andvara 2005

Starfið á árinu hefur verið gefandi, skemmtilegt og mjög mikið að gera, enda settu nefndarmenn sér að halda úti miklu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi á þessu ári eins og áður. Reynt var að deila verkefnum eftir því sem fólk hafði tök á og hefur góð samvinna einkennt starfið. Nefndin hélt úti bloggsíðu til að auðvelda upplýsingaflæði og tókst það vel. Félagið fékk á árinu viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ og ólympíusambandsins fyrir gott æskulýðsstarf í gegnum árin og erum við sérstaklega stolt af því. Utan hefðbundinnar dagskrár vetrarins var mikið að gera fram á sumar. Unglingarnir okkar fóru í utanferð til Danmerkur, haldinn var í fyrsta sinn fjölskyldudagur Andvara og Garðabæjar og skipulagður var sameiginlegur reiðtúr allra hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu svo eitthvað sé nefnt. Nefndin var dugleg að afla styrkja, bæði til að reka starfið og til að bjóða upp á veitingar á uppákomum. Lýsi hf, Vífilfell, Domino's pizza, Íslensk-Ameríska, SS, Myllan, Vátryggingarfélag Íslands, Mjólkursamsalan og Reykjalundur styrktu æskulýðsnefnd í vetur með veglegum afsláttum, fjárstyrkjum og gjöfum og þakkar nefndin þann stuðning.

Eftirtaldir starfa í æskulýðsnefnd Andvara:

Formaður: Sigríður Magnea Björgvinsdóttir

Gjaldkeri : Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson

Aðrir nefndarmenn:

Brynja Viðarsdóttir

Jónas Már Gunnarsson

Lovísa Björk Júlíusdóttir

Ólafur Árnason

Ragnhildur Helgadóttir

Sigurbjörn Magnússon

Sigurey Agatha Ólafsdóttir

Bloggsíða æskulýðsnefndar

<http://andvarahopurinn.blogspot.com/>

Ofangreindri bloggsíðu var komið á fót og haldið úti af æskulýðsnefnd til að hafa allar upplýsingar um dagskrá og uppákomur á vegum nefndarinnar á einum stað, fyrir æskulýð félagsins, foreldra og nefndarmenn.

Þetta fyrirkomulag reyndist vel, og fannst fólki gott að geta athugað með viðburði á vegum nefndarinnar á einum stað. Vefurinn var og notaður til að auglýsa breytingar á reiðtímum auk tilkynninga og áminninga ýmiskonar. Það að geta sótt upplýsingar um starfið á einum stað auk upplýsinga um nefndarmenn, netföng, símanúmer ofl. Skilaði sér í meiri og betri samskiptum við foreldra sem voru ánægðir með framtakið. Þessi síða hefur fest sig í sessi og mun áfram sinna hlutverki sínu.

Viðurkenning frá ÍSÍ og Ólympíusambandinu

Andvari hlaut í vor gæðaviðurkenninguna „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“ fyrir framúrskarandi æskulýðsstarf. Mikil vinna liggur að baki þessari viðurkenningu hjá félaginu en ein af afurðum þeirrar vinnu er handbók Andvara þar sem sett eru fram ýmis markmið sem félagið vinnur að, starf félagsins reifað ásamt stefnu í umhverfis-, jafnréttis-, og forvarnamálum. Félagið tók á móti viðurkenningunni í sérstöku hófi á vegum Bæjarstjórnar Garðabæjar og voru þar mætt frá félaginu, formaður félagsins, gjaldkeri og tvö úr æskulýðsnefnd. Ellert B.Schram afhenti viðurkenningu fyrir hönd ÍSÍ og Ólympíusambandsins.



Frá afhendingu viðurkenningarskjals ÍSÍ & Ólympíusambandsins

Íþróttapíng í Garðabæ 11. maí 2005

Formaður æskulýðsnefndar sótti Íþróttapíng í Garðabæ en það bar yfirskriftina **Samskipti og samræming skóla og íþróttastarfs.**

Á þínginu kynntu íþróttafélög bæjarins stöðu mála hjá sér. Kynnt var rannsókn á íþrótt- og tómstundastarfi í bænum en markmið þíngsins var að skoða leiðir til að bæta samskipti og samræma skóla og íþróttastarf með sem bestum hætti. Spurningunni „Getum við samræmt skóla og íþróttastarf betur“ var svarað í vinnuhópum og kynntar niðurstöður hvers hóps fyrir sig. Þarna voru aðilar skóla, bæjarfélagsins auk fólks úr íþróttafélögum og deildum innan þeirra og var þessi vinna bæði upplýsandi og skemmtileg. Það er von mín að þátttaka okkar í þessu starfi í Garðabæ stuðli að virkari þátttöku bæjarins í okkar starfi.

Námskeið 2005

Kynningarfundur var haldinn í ársbyrjun með væntanlegum þáttakendum á námskeiðunum, foreldrum þeirra og reiðkennurum. Þar kynntu reiðkennarar námskeið vetrarins og svöruðu spurningum varðandi þau. Í framhaldi voru teknar niður skráningar. Boðið var upp á þrenns konar námskeið.

Pollanámskeið fyrir yngstu börnin, þar sem mest er unnið með jafnvægi barnanna á baki og stjórnun hestsins.

Knapamerkjanámskeið voru aðalnámskeiðin en þar er kennt eftir námsskrá fyrir reiðkennslu og er námsskráin í stöðugri þróun við Háskólann að Hólum í Hjaltadal. Merkin skiptast í fimm stig sem kennd eru við liti og er fyrsta knapamerkið grænt. Til að ráða við að taka grænt knapamerki þurfa börnin sjálf að geta beislað hest og lagt á hann hnakk. Hin stigin skiptast í orange, rautt gult og blátt. Við hvert stig verða viðfangsefni knapans flóknari og byggjast á þeim sem á undan fóru. Þetta fyrsta kerfi til að kenna reiðmennsku eftir á Íslandi er kærkomið og gott tæki til að meta kunnáttu hvers knapa. Reiðkennsla félagsins byggir á þessum merkjum í framtíðinni en félagið hóf að kenna eftir þessu kerfi sl. vetur. Knapamerkin verða hluti af inntökuskilyrðum á hrossabrautir Hólaskóla í framtíðinni og því mikilvægt að reiðkennsla taki mið af þeim.

Síðast en ekki síst var boðið upp á keppnisnámskeið til að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir.

Mikil þátttaka var í öllum námskeiðum og þurfti að fá meiri tíma í reiðskemmuni til að anna eftirspurn. Félagið greiddi niður námskeiðsgjöld með árlegum styrk frá Garðabæ en hann nemur 500.000 kr. Og lagði til það sem uppá vantaði til að endar næðu saman en heildarkostnaður við námskeiðin var yfir 1.millj. króna.

Námskeiðsgjöld voru kr. 10.000 fyrir pollanámskeið og knapamerkjanámskeið en greiða þurfti sérstaklega fyrir námskeiðsgögn og prófdómaragjald vegna knapamerkja, samtals 12.000. Keppnisnámskeiðin voru heldur dýrari eða 18.000 kr.

Námskeiðsgjöld voru innifalin ásamt videomyndatöku á velli og sérstaks móts í lokin. Alls var þáttaka í námskeiðum félagsins 79 einingar en sumir sóttu bæði knapamerkja-, og keppnisnámskeið.


Hér er um að ræða um 37% félagsmanna í Andvara.

Pollanámskeið

Á pollanámskeiðum eru börn á aldrinum 5-11 ára en aldursmörkin eru sveigjanleg. Bæði tengist það reynslu barnanna og getu þeirra til að taka fyrsta knapamerkið og svo þáttöku foreldra ef börnin eru ung og áhugasöm en þurfa aðstoð til að vera með. Sigrún Sigurðardóttir var reiðkennari á þessum námskeiðum.

Knapamerki

Kennd voru bæði grænt og orange knapamerki en stefnt er að því að bæta við einu merki á hverjum vetri þ.a. þeir sem byrjuðu geti bætt við sig einu merki á hverju ári. Þessi námskeið hafa mælst vel fyrir og almenn ánægja með að loksins sé til námsskrá fyrir kennslu í reiðmennsku. Sigrún Sigurðardóttir var reiðkennari á öllum knapamerkjanámskeiðum félagsins.



Setið yfir í bóklegu knapamerkjaprófi



Nemandi í knapamerkjaprófi

Keppnisnámskeið

Ákveðið var að halda sérstakt keppisnámskeið fyrir þau börn, unglinga og ungmenni sem hefðu áhuga á að undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir. Tómas Ragnarsson íþróttadómari hefur sett saman námskeið þar sem bæði eru verklegir og bóklegir tímar, auk þess sem haldið var æfingamót þar sem unga fólkið spreytti sig í keppni og dómstörfum. Góð þáttaka var einnig á þessu námskeiði og var sérstaklega gaman að sjá hve vel hópurinn naut sín á æfingamótinu. Námskeiðið hefur skilað hópnum auknum skilningi á störfum dómara og lærðu ýmis “trix” sem nýtast vel í keppni.

Sala á félagsgöllum

Eins og í fyrra var æskulýðsnefnd með Henson íþróttagalla, merкта félaginu, til sölu á vægu verði og rann ágóðinn til styrktar æskulýðsstarfinu og hafa margir félagsmenn komið sér upp slíkum galla. Gallarnir hafa verið mikið notaðir á mótum og reynist oft gott að sjá hvar Andvarahópurinn er á ferð í eins göllum.

Kaffihlaðborð til styrktar æskulýðsnefndar



Duglegur hópur vann við kaffihlaðborðið á Þorablótsleikunum

Á Þorablótsleikum félagsins var æskulýðsnefndin með kaffisölu í félagsheimilinu til fjáröflunar. Vel gekk að selja í þetta sinn og lögðu margir félagsmenn til bakkelsi á borðið sem varð hið veglegasta. Mörg handtök fylgja svona kaffisölu en eins og sjá má voru margir að hjálpa til bæði meðan á kaffisölu stóð og við frágang á eftir.

Pizzakvöld 10. febrúar

Hefð er orðin fyrir því að halda pizzakvöld fyrir unglina og ungmenni félagsins og var þetta kvöld enginn eftirbátur fyrirrennara sinna. Nokkrir nýjir bættust í hópinn en svona uppákomur hafa reynst tilvaldar til að brjóta ísinn fyrir nýja félaga í Andvarahópnum og kynnast öðrum í félaginu.

Búningapartý 17. febrúar

Haldið var búningapartý í félagsheimilinu fyrir 12 ára og yngri en þessi viðburður kemur sterkur inn á móti pizzakvöldum unglinganna og er eins og þau, ætlað að hjálpa nýjum krökkum að kynnast jafnöldrum sínum í félaginu. Margir mættu í skemmtilegum búningum og var farið í leiki til að hrista saman hópinn. Á eftir snæddu krakkarnir pizzur saman og ræddu málin, enda alltaf fljót að kynnast á þessum aldri.

Fjölskyldureiðtúr í Gust 19. febrúar

Æskulýðsnefnd efndi til fjölskyldureiðtúrs á laugardegi. Lagt var af stað frá félagsheimilinu kl. 13:30 og riðið "upp í Gust". Samkomulag var gert við æskulýðsnefnd Gustara um að vera með veitingar til sölu þennan dag svo við gætum stoppað hjá þeim, hvílt hrossin og haft það huggulegt saman. Mæting var ekki eins góð og vænst var en þeir sem fóru skemmtu sér konunglega enda gott veður til útreiða auk góðra veitinga og hlýs viðmóts sem tók á móti okkur í Gusti.



Safnast saman við félagsheimilið



Í góðu yfirlæti í kaffistofu Gustara



Duglegir Gustskrakkar hjálpuðu til við afgreiðslu

Skemmtikvöld 19. febrúar

Æskulýsnefnd stóð fyrir skemmtikvöldi til fjáröflunar og bauð uppá ball fyrir fullorðna með hljómsveitinni SIGNIA en meðlimir hennar eiga sumir börn í hestamennsku og spiluðu þeir frítt á ballinu. Allur ágóði rann þannig til æskulýðsstarfsins. Góður rómur var gerður að ballinu og skemmtu sér margir konunglega þrátt fyrir að ekki væri troðningur á staðnum en á sama tíma var ball í gangi á vegum Ístöltkeppninnar og dró það óneitanlega úr aðsókn hjá okkur.



Hljómsveitin Signia

Árshátíð unglunga 26. febrúar

Árshátíðin var haldin að þessu sinni í félagsheimili Fáks og tókst með ágætum. Haldið var happdrætti með vinningum sem gefnir voru af ýmsum fyrirtækjum, diskótekari mætti með SingStar og var mikil og góð stemming þar sem unglingarnir spreyttu sig á söngnum. Alls mættu um 60 unglingar frá hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Góð þátttaka var hjá okkar unglingum og voru þau ánægð með kvöldið sitt.

Árshátíð barna 4. mars

Árshátíð var haldin í félagsheimili Harðarmanna að Harðarbóli og var margt í boði. Skemmtiatriði, Lalli töframaður kom í heimsókn og diskótek eftir matinn. Ekki var minna gaman hjá börnunum en unglingunum.

Æskan og hesturinn 12 -13 mars

Þátttaka félagsins í „Æskan og hesturinn“ kallar á mikla skipulagningu og vinnu sem ekki væri framkvæmanleg án aðstoðar foreldra. Margir vildu fá að vera með í þessu atriði og tók nefndin þá ákvörðun að þeir sem vildu vera með fengju það enda erfitt að neita áhugasömum og duglegum knöpum um þátttöku. Elstu og reyndustu þáttakendurnir æfðu svokallað „Stuðmannaatriði“ en yngri hópurinn tók þátt í litareid sýningarinnar. Jón Guðmundsson og Erla Gylfadóttir, þekkt keppnishjón úr Andvara, voru beðin að stýra æfingum og útfæra atriði félagsins í sýningunni og skiluðu þau þeirri vinnu með sóma. Foreldrar og nefndarmenn lögðust á eitt við að skipuleggja flutninga á hestum. Búningar voru fengnir að láni hjá Stuðmönnum sjálfum sem notaðir voru í nýjustu stuðmannamyndinni og hestar af ýmsum litbrigðum voru fengnir að láni að þessu tilefni. Uppskeran var glaðir og ánægðir krakkar og unglingar sem öll gerðu sitt besta. Að loknum sýningum bauð æskulýðsnefnd öllum úr Andvara sem þátt tóku sýningunni auk þjálfaranna út að borða.



Prinsessa í grímureiðinni



Eftir lokasýningu, úti að borða á Friday's



Klár með fána félagsins



Tilbúin í fánareid

Afhending knapamerkja 13. apríl

Afhending knapamerkja fór fram í félagsheimilinu. Foreldrar voru sérstaklega boðnir velkomnir og var boðið upp á kaffi og veglega tertu í boði stjórnar félagsins á eftir. Við þetta tækifæri var þeim Jóni og Erlu færður þakklætisvottur frá æskulýðsnefnd fyrir óeigingjarnt starf með börnum félagsins vegna sýningarinnar „Æskan og hesturinn“. Fengu þau sitthvort „keppnis“ beislið fyrir þjálfun hópsins og undirbúning atriðisins.

Æfingamót 15. apríl

Æfingamót fyrir þátttakendur á keppnisnámskeiði hjá Tómasi Ragnarssyni var haldið í reiðskemmumni að Kjóavöllum. Hér var um bráðskemmtilegt mót að ræða enda skiptust krakkarnir á að dæma og keppa til skiptis og var mál manna að þar leyndust efnilegir framtíðar dómara. Nefndin bauð upp á kaffi og kakó fyrir kalda áhorfendur meðan á keppni stóð og pizzur í kvöldmat handa svöngum þátttakendum og áhorfendum.

Spilakvöld 20. apríl

Bryddað var upp á þeirri nýjung að halda spilakvöld fyrir börnin. Margir mættu með uppáhaldsspilið sitt meðferðis og var spilað þannig að hver og einn þurfti að kenna hinum á sitt spil. Skipt var í hópa og spilað af hjartans lyst. Gos, poppkorn og kex var í boði æskulýðsnefndar.

Áburðardagur-Umhverfisdagur 26. apríl

Umhverfisnefnd Andvara leitaði til æskulýðsnefndar um að aðstoða við áburðardreifingu á svæði félagsins. Margir duglegir krakkar mættu ásamt foreldrum sínum til að hjálpa til enda væntanlegt Íslandsmót haldið á félagssvæðinu í sumar. Eftir mikið hreinsunarstarf bauð umhverfisnefnd svöngum og duglegum þátttakendum upp á pizzur og gos.

Stórsýning Fáks 29. og 30. apríl

Beiðni barst frá Fáksmönnum um að Stuðmannaatriðið okkar úr „Æskan og hesturinn“ yrði endursýnt á árlegri stórsýningu þeirra í Víðidal. Við lítum svo á að atriðið hafi verið gott fyrst óskað var eftir því á þessari sýningu því hér er um fagmannlega og skemmtilega sýningu að ræða. Teknar voru upp æfingar að nýju og flutningar og búningamál skipulögð. Allt small saman að lokum og var gaman að vera með.

Æskulýðsdagur Andvara 1. maí

Lýsi hf. er aðalstyrktaraðili mótsins þennan dag og er það nefnt „Lýsisleikarnir“ vegna þess.

Lýsisleikarnir eru fyrir alla aldurshópa polla, börn, unglinga og ungmenni og taka nánast öll börn þátt í þeim. Í pollaflokki var keppt á hringvelli með hefðbundnu vetrarleikasniði. Í öðrum flokkum var keppt á beinni braut þar sem hver keppandi ríður fjórar ferðir og sýnir þrjár mismunandi gangtegundir (fet, tölt, brokk, stökk, skeið). Dæmt var skv. reglum um gæðingakeppni. Kynnir mótsins var Tómas Ragnarsson og gaf hann jafnframt sitt álit á frammistöðu keppanda til að gera mótið skemmtilegra bæði fyrir keppendur og áhorfendur. Allir þátttakendur fengu þátttökuviðurkenningu og krakkalýsi en fódurlýsi var í verðlaun fyrir fimm efstu sætin. Eignarbíkar var fyrir fyrsta sæti í öllum flokkum. Að móti loknu var boðið uppá grillaðar pylsur, kaffi, kex og gos og farið í leiki með börnunum. Leiktæki ýmiskonar voru sett upp inni í Reiðskemmunninni og var mikið fjör í gangi þar inni. Hér var um eftirminnilegan dag að ræða.

Myndir frá Æskulýðsdeginum



Myndarlegur pollahópur á æskulýðsdegi



Margir tóku þátt og höfðu gaman af



Tómas Ragnarsson kom lýsingum til skila



Verðlaun dagsins frá Lýsi hf.



Nefndarmenn skiptust á við grillið



Reiptog og leikir í reiðskemmunni eftir keppnir



Tekið á því í grillinu



Hreykinn vinningshafi

Sameiginlegur reiðtúr í Gjármót 29. maí

Sörlafélagar hafa sl. 2 ár staðið fyrir því að börn unglingar og ungmenni í hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu hittust og grilluðu saman við gjármót í Heiðmörk en vegna anna ætluðu Sörlamenn ekki að standa fyrir því í ár enda komið að okkur hinum að taka við keflinu.

Þar sem okkur finnst nauðsynlegt að hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu viðhaldi góðum tengslum, ekki síst milli barna, unglinga og ungmenna þá ákváðum við í æskulýðsnefnd Andvara að taka að okkur skipulagningu þessa viðburðar í ár. Í framhaldi af því lögðum við til að hin félögin á höfuðborgarsvæðinu skiptust á að skipuleggja svona uppákomu og hafa hana inni í auglýstri dagskrá hjá sér til að tryggja betri mætingu í framtíðinni. Vel var tekið í þetta hjá öllum félögum og mun Fákur taka að sér þennan lið árið 2006 og hin félögin passa að hafa viðburðinn inni í dagskrá sinni.



Fallegt er í Heiðmörk



Hrossin voru ánægð í girðingunni

Mæting var á Hjallaflatir kl. 15. og komu flestir ríðandi frá Andvara og Sörla en einnig voru þarna börn úr Gusti. Hver nefnd fyrir sig kom með rafgirðingu svo vel færi á með hestunum en girt var þar sem nóg var að bíta á meðan knapar léku sér í góða veðrinu.

Farið var í leiki á flötunum, fótbolta og brennó og var mjög gaman í góðu veðri þrátt fyrir rigningarspá.



Sumir voru mjög svangir



Reiðleiðin frá Hjallaflötum inná Flóttamannaleið

Æskulýðsnefnd Andvara buðu upp á pizzur og kók þegar kominn var tími til að seðja hungrið og þorstann enda margir svangir og sveittir eftir hamaganginn. Domino's og Vífilfell styrktu okkur með ódýrum pizzum og gefins kók handa öllum og kunnum við þeim þakkir fyrir.

Utanlandsferð unglunga 20. – 26. júní

Unglingar frá fermingarári og uppúr, fóru í heimsókn til Danmerkur og dvöldu í góðu yfirlæti á Fjóni, þar sem Íslandshestafélagið Skeifan var með unglingamót. Æskulýðsnefnd hafði verið dugleg árin á undan að safna fyrir þessari ferð og tókst að greiða hana verulega niður og þannig öllum gert kleift að fara. Haldinn var kynningarfundur í tengslum við ferðina þar sem farið var yfir ferðaáætlun og dagskrá auk annara praktískra atriða.

Dagskráin var stíf hjá krökkunum meðan á dvölinni stóð en þau fengu m.a. hesta að láni til að keppa á og stóðu sig vel. Farið var í dýragarðsheimsókn í boði danska félagsins, farið í verslunarferð til Óðinsvéa og síðasta deginum var eytt í Legolandi. Gist var í tjöldum á mótssvæðinu, svæði Skeifunnar, nema tvær síðustu nætur dvalarinnar en þá gistu unglingarnir okkar heima hjá dönskum vinum sínum af mótinu tvö til fjögur á hverjum stað. Góð tengsl mynduðust milli íslensku og dönsku unglinganna en ætlunin er að þau heimsæki okkur á komandi ári á svipuðum nótum. Heimasíða Íslandshestafélagsins Skeifan er www.skeifa.dk/ny/www/home/index.asp

Fararstjóri í þessari ferð var reiðkennari hópsins frá um veturinn, Sigrún Sigurðardóttir en hún á sérstakar þakkir skildar. Sigrún kom á tengslunum sem urðu til þess að farið var á þennan stað. Þessi ferð heppnaðist í alla staði vel og verður reynt að fara í slíka ferð annað hvert ár í framtíðinni.

Myndir af Danmerkurförinum okkar



Hinn myndarlegi hópur með fararstjóranum sínum



Kátar stúlkur í Leifsstöð



Sigrún stjórnar inntékki af röggsemi

Fjölskyldudagur Garðabæjar og Andvara 16. júlí



Séð yfir mótssvæðið á Kjávöllum

Æskulýðsnefnd Andvara tók þátt í að undirbúa fjölskyldudag Andvara og Garðabæjar en hann var haldinn um leið og Íslandsmót í hestaíþróttum. Þessi dagur var ætlaður til að tengja betur íbúa bæjarins við hestamannafélagið og kynna starfsemi þess í leiðinni. Allmargir fundir voru haldnir vegna þessa og fór mikill tími í að fá ýmis félög og fyrirtæki til að taka þátt en gekk illa. Hugsanlega þarf að byrja fyrr á skipulagningu af þessu tagi og verður það haft í huga á næsta ári.

Víkingar voru fengnir til að setja upp búðir á staðnum og voru þeir með grill yfir eldi, ýmsan söluvarning og sýndu bardagaatriði til skemmtunar. Þetta tókst að tilstuðlan Jóhannesar í Fjörukránni sem á heiður skilið fyrir jákvætt viðhorf og dugnað. Sett var upp hesthús til sýnis með hrossum, reiðtygjum og tilheyrandi þar sem nefndarmenn voru til staðar og svöruðu spurningum gesta.

Járningamaðurinn Óskar Jóhannsson járnaði hesta og útskýrði vinnu sína, hoppukastalar voru settir upp, boðið uppá andlitsmálun og teymt undir börnum. Topphestar voru með hestaleigu gegn vægu gjaldi og skipulögðu reiðtúra með leiðsögn og fararstjórn auk þess að vera með klyfjahest og kerruhest til sýnis. Ætlunin er að hér verði um árlegan viðburð að ræða.

Myndir frá Fjölskyldudegi



Sýningarhesthúsið á Fjölskyldudeginum



Járningarmeistari sýndi járningar



Gestum voru boðnar veitingar í kaffistofu



Víkingarnir tóku bardaga í höllinni



Úr kaffistofunni



Víkingabardaginn